


## Afhending einkunna og brautskráning

Brautskráning stúdenta fer fram í Háskólabíói þann 21. maí næstkomandi. Athöfnin hefst klukkan 11:45 og lýkur um klukkan 14:00. Að athöfn lokinni ganga stúdentar að aðalbyggingu Háskóla Íslands þar sem tekin verður mynd af hópnum. Gera má ráð fyrir því að það taki u.þ.b. hálf tíma.

Afhending verslunarprófsskírteina fer fram miðvikudaginn 18. maí klukkan 10:00 í Bláa sal. Um formlega athöfn er að ræða og því eru nemendur beðnir um að mæta snyrtilegir til fara. Nemendur í 3. og 5. bekk fá einkunnir afhentar í heimastofum miðvikudaginn 18. maí klukkan 12:00. Prófsýning verður sama dag fyrir alla bekki milli kl.12:20 og 13:40.



## Skóladagatal

Skóladagatalið mun fljótlega fara á heimasíðu skólans en fyrir þá sem eru skipuleggja samverustundir fjölskyldunnar fyrir næsta ár er hægt að nálgast dagatalið [hér](#). Helstu dagsetningar haustannar eru þær að skólinn verður settur 19. ágúst og haustfríið verður frá 14. – 17. október. Próf hefjast 30. nóvember og gera má ráð fyrir að þeim ljúki með sjúkraprófi 16. desember. Einkunnir verða afhentar 20. desember.

## Peysufatadagur og dimissio

Fimmtudaginn 14. apríl klæddu 4. bekkingar sig upp að gefnu tilefni og héldu árlegan peysufatadag hátíðlegan.

Nemendur skemmtu sér vel og fengu afar jákvæða athygli og umfjöllun í fjölmiðlum. Um kvöldið var haldið ball, einungis fyrir 4. bekkinga, sem

heppnaðist afar vel og er óhætt að segja að þau hafi verið sjálfum sér og skólanum til mikils sóma.

Dimissio stúdentsefna fór fram í Bláa sal skólans þar sem fulltrúar bekkja



fluttu stutt ávörp þar sem þeir þökkðu kennurum og öðru starfsfólki fyrir þeirra störf og samfylgdina þau fjögur ár sem liðin eru. Af þakkarávörpunum að dæma hafa árin í Verzló verið nemendum góð og kennararnir eftirminnilegir, og ekki endilega alltaf vegna

þess námsefnis sem þeir kenndu. Dimissio lauk síðan með sameiginlegum kvöldverði stúdentsefna og starfsmanna í Súlnasal Hótel Sögu þar sem nemendur sáu um öll skemmtiatriði við góðar undirtektir.



## Sumarönn í fjarnámi

17. - 29. maí: Skráning í fjarnám.

30. maí: Nemendur fá upplýsingar um hvort þeir komast inn og þá tilkynningu um greiðslutilhögun í tölvupósti.

31. maí: Nemendur fá send aðgangsorð að WebCT, kennsla hefst

14. júní: Próftaflan kemur á netið

3. - 10. ágúst: Sumarannapróf

16. ágúst: Einkunnir sendar heim til nemenda í pósti

## Ferðir sem eru ekki á vegum skólans

Um þetta leyti árs er vinsælt hjá nemendum að fara ferðir í stærri og smærri hópum, t.d. í sumarbústaði, og tengja þær gjarnan við félagslíf með einum eða öðrum hætti. Því vill skólinn koma eftirfarandi á framfæri: **Engir starfsmenn skólans eru með í slíkum ferðum enda eru þær á engan hátt á vegum skólans.**

**Skólinn vill jafnframt benda foreldrum og forráðamönnum á að engar fleiri ferðir eru fyrirhugaðar innanlands á vegum skólans á þessu skólaári.** Foreldrar og forráðamenn nemenda í 3. og 4. bekk geta merkt eftirlitslausar ferðir frá öðrum á því að skólinn fer ætíð fram á skriflegt samþykki foreldra.

Gleðilegt  
sumar